

## **Borgarráð 28. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vottun þjónustu- og nýsköpunarsviðs MSS24110184**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um tilgang þjónustu og nýsköpunarsviðs að fá vottun fyrirtækis í Bandaríkjunum á vinnustaðamenningu sviðs hjá Reykjavíkurborg? Er þjónusta og nýsköpunarsvið að hefja leit að starfsfólki erlendis frá? Eru öll svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar að sækjast eftir þessari vottun frá Bandaríkjunum eða bara þjónustu og nýsköpunarsvið? Hver er kostnaðurinn við undirbúning þessarar vottunar og hversu margt starfsfólk kemur að þeirri vinnu og hversu miklum tíma starfsfólk er nú þegar búið að varið í þetta atriði? Einnig er spurt um hversu margir starfsmenn sviðsins muni ferðast til Bandaríkjanna á kostnað borgarbúa til þess að taka á móti þessari viðurkenningu ef af verður?

### **Greinargerð**

Þegar litið er yfir lista þeirra fyrirtækja sem hlutu þessa vottun í ár, virðist megnið af þeim fyrirtækjum vera fyrirtæki í Bandaríkjunum sjálfum. Það er því nokkuð erfitt að sjá hvaða hag borgarbúar munu hafa af svona eltingaleik eins sviðs í lítilli borg í Evrópu eftir svona viðurkenningu frá Bandaríkjunum. Einnig er erfitt að horfa upp á að svona hlutir séu settir í forgang hjá sviðinu á sama tíma og beðið er eftir lausnum sem búið er að lofa en hafa ekki látið sjá sig enn. Hér má nefna „Búa“ Lengi hefur verið beðið eftir að fá þessa stafrænu lausn til að halda utan um þann fjölda barna sem þurfa á sérstakri sérfræðiaðstoð skólapijónustu. Búi var sagður eiga að hjálpa til við að auðvelda samvinnu og samhæfingu og auka gagnsæi gagnvart forsjáraðilum sem og öryggi viðkvæmra gagna.